

Nr. 21-036 S 024 Alli GK 37

Strandar við Reykjanes

Skipaskr.nr. 2678
Útgerð: Blikaberg ehf
Smíðaður: Hafnarfirði 2006, plast
Stærð: 11,3 brl. 14,8 bt.
Mesta lengd: 12,27 m Skráð lengd: 11,3 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 2



Kolbeinsey ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. apríl 2021 var Alli GK 37 á grásleppuveiðum við Reykjanes. Djúprista: Ekki vitað. Veður: Logn, norðvesturfall.

Báturinn fór frá Grindavík kl. 07:20 til veiða í Sandvík. Kl. 12:46 var báturinn strandaður í Krossvík á stað 63°48.870'N og 22°38.568'V og óskað var eftir aðstoð. Kallaðir voru út björgunaraðilar í efsta forgangi og var þyrla LHG kölluð út.



Mynd 1 Strandstaður, veiðislóð (rauð) og ferill Alla frá Grindavík

Mynd 1 sýnir ferilskráningu frá Vaktstöð siglinga (VSS) frá því að Alli lét úr höfn í Grindavík.

Skipverjar skáru á veiðarfærin og um kl. 12:50 gátu þeir losað bátinn af strandstað. Við athugun reyndist enginn leki hafa komið að honum. Þyrla og björgunarsveit voru afturkölluð en björgunarskipið Oddur V. Gíslason fór á staðinn og fylgdi Alla á siglingunni aftur til Grindavíkur. Þangað komu þau kl. 13:35 og var Alli þá hífður á land.

Eins og mynd 2 sýnir reyndust vera talsverðar skemmdir á botni bátsins og auk þessa urðu skemmdir á skrúfublöðum.



Mynd 2 Skemmdirnar á botni Alla

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt ferilskráningu VSS var hraði bátsins 0,7 hnútar og rekstefna u.þ.b. 280° þegar hann strandaði á flös í Krossvíkinni sem erfitt var að sjá;
- að skipstjórinn sagði þá hafa verið að draga netin en flækja hefði komið upp og flotíð aftur með bátnum. Hann hefði því ekki getað kúplað saman og báturinn rekið upp á sker;
- að báðir skipverjarnir voru að vinna við að draga inn flækjuna;
- að skipstjórinn kvaðst hafa litla þekkingu á svæðinu og ekki vitað af grynningunum sem hann strandaði á;
- að enginn viðvörunarbúnaður í siglingabúnaði s.s. dýptarmæli var í gangi;
- að um borð voru um 500 l af olíu og um 2 tonn af aflu.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var óaðgæsla á ókunnugu svæði.